

6. Fundur stjórnar HRFÍ 2020 – 2021

Fimmtudaginn 21. janúar kl. 17.00 á Teams

Mættir voru: Herdís Hallmarsdóttir, formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Guðni B. Guðnason, Heiðar J. Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir, auk Önnu Guðjónsdóttur. Framkvæmdastjóri félagsins, Guðný Ísaksen sat fundinn.
Fundinn ritaði Svava Björk Ásgeirsdóttir.

Dagskrá

1. Erindi er varðar gjaldskrá og utanfélagsmenn

Erindi barst þann 13.1.2021 frá félagsmanni varðandi gjaldskrá og utanfélagsmenn. Eins og er geta félagsmenn tekið þátt í hlýðni-, spora- og veiðiprófum á vegum deilda félagsins og bendir viðkomandi á að margir virðast halda að það sama eigi við um námskeið, tíma eða keppnir í hundafimi, en svo er ekki. Viðkomandi vill koma á framfæri þeirri hugmynd að aðilar sem ekki eru félagsmenn geti tekið þátt í öllum þeim prófum og námskeiðum sem í boði eru án þess að vera félagsmenn, gegn hærra gjaldi. HRFÍ sé eini aðilinn á landinu sem býður upp á próf/námskeið/keppnir í þessum flokkum og að mati viðkomandi ætti þátttaka að vera opin öllum, en félagsmenn myndu fá afslátt af gjöldum en utanaðkomandi aðilar myndu greiða hærri gjöld. Telur viðkomandi að þannig væri félagið að opna starfsemi sína enn meira út á við og fólki gert kleift að nýta sér þjónustu félagsins án þess að skylda fólk í félagsaðild.

Víðtæk og málefnaleg umræða varð um erindið hjá stjórn. HRFÍ er félag allra hundeigenda og allir geta sótt um félagsaðild. Það er val sem fólk hefur og tekur hver og einn ákvörðun fyrir sig. Félagmenn hafa val um þátttöku í því starfi sem er í boði innan deilda og greiða uppsett gjald t.d. fyrir þau próf sem þeir vilja taka þátt í, sýningagjöld og fyrir augnskoðanir.

Þátttaka í hundafimi hefur verið opin fyrir alla gegn því að hundur uppfylli ákveðin grunnskilyrði til þátttöku. Íþróttadeild hefur haft veg og vanda af því starfi sem fer fram innan þeirra vébanda og mögulega er kominn tími á að endurskoða gjaldskrá þeirrar deildar með mögulegri hækkun fyrir utanaðkomandi aðila í huga.

Einnig voru reglur um vinnupróf og veiðipróf ræddar í þessu samhengi og þar er grundvallarreglan sú að fólk sé skráð í félagið og hafi greitt félagsgjöld til þess að geta tekið þátt í slíkum prófum með sinn hund. Á hinum Norðurlöndunum, að Finnlandi undanskildu, er einnig krafa um að fólk sé skráð í viðkomandi félag ætli það sér að taka þátt í slíkum prófum.

Niðurstaða stjórnar er sú að fara þurfi fram betri greining á stöðunni áður en tímabært sé að taka ákvörðun varðandi þessa tillögu félagsmanns.

Fræðsla til félagsmanna hefur verið að færast yfir á rafrænt form á síðastliðnum misserum með góðum árangri. Möguleiki er á að halda námskeið og aðra fræðslu fyrir félagsmenn og utanaðkomandi aðila gegn greiðslu og þá yrði hærri gjaldskrá fyrir þá sem eru ekki félagsmenn.

Umræðan leiddi einnig til þeirrar niðurstöðu að stjórn telur tímabært að skoða frekar hver ávinningurinn sé af því að vera félagsmaður í HRFÍ. Skoðað verður hvort hægt sé að gefa útrafræn félagsskírteini sem myndu þá veita félagsmönnum afslátt af hinni ýmsu þjónustu og vörum hjá mögulegum samstarfsaðilum. Framkvæmdastjóri fer í að skoða málið betur ásamt starfsmönnum á skrifstofu.

2. Ræktunardómur hunda utan hefðbundinna sýninga

Erindi barst frá Sýningadómaranefnd.

Leitað er eftir samþykki stjórnar fyrir því að hægt verði að ræktunardæma einstaka hunda utan sýninga vegna ástandsins, eins og DKK, danski kennelklúbburinn er að bjóða félagsmönnum sínum.

Ljóst er að við erum með aðila sem þurfa á ræktunardómi á hund sinn að halda t.d. til þess að geta komið þeim á rakkalista deilda. Ennfremur hefur borist erindi frá ræktanda sem fór þess á leit við sýningastjórn að fá dóm á tík í sinni eigu áður en hún yrði notuð til ræktunar. Það er vitað mál að fleiri ræktendur eru í sömu sporum að vera með einstaklinga sem ekki hafa verið sýndir á sýningu og ábyrgt af viðkomandi aðilum að fá ræktunardóm á dýrið áður en tekin er ákvörðun um að halda því til undaneldis.

Erindið er samþykkt þó með þeim athugasemdum að skrifstofa félagsins hentar ekki endilega til ræktunardóma á stærri tegundum. Rétt væri að miða við að finna hentugt húsnæði fyrir slíkt. Framkvæmdastjóra og starfsmönnum skrifstofu var falið að hafa samband við dómara skv. tillögum dómaranefndar. Vonast er til þess að dómara taki vel í slíkar beiðnir. Ákveða þarf hvar slíkir dómara færu fram, gjald yrði sanngjarnt, umsögn og einkunn yrðu gefnar á hefðbundnu umsagnarblaði. Ekki er um að ræða sýningadóma sem gefa stig, einungis umsögn og einkunn dómara. Deildum félagsins sem og tengiliðum þess verður gert kunnugt um möguleikann. Ljóst er þó að einungis verður hægt að bjóða upp á þessa þjónustu fyrir þær tegundir sem dómara félagsins hafa réttindi til að dæma.

3. Dagskrá vinnuprófa 2021

Erindi frá Vinnuhundadeild þann 13.01.2021 er varðar dagskrá vinnuprófa 2021.

Gert er ráð fyrir að flest prófin verði haldin í Andvarahöll en septemberprófið er á dagskrá á Akureyri. Erindið er samþykkt.

Umræða um að kostnaðaráætlun þarf að fylgja með til samþykktar stjórnar ef fellur til kostnaður við slík próf. Ef enginn kostnaður er fyrirséður getur skrifstofa samþykkt slíkar beiðnir.

4. Ættbækur og rangskráningar þeirra

Umræða um að standa þurfi betur vörð um ættbækur sem eru eign félagsins og að ræktendur fari eftir þeim reglum og fyrirmælum sem þeim eru settar.

Umræða um tiltekið got. Sýnt hefur verið fram á að ein tík úr tilteknu goti getur ekki verið undan umræddri móður, dna rannsókn hefur sýnt fram á það. Ættbók tiltekins hunds er því röng. Siðanefnd kallaði tiltekið got í dna rannsókn og var það einungis þessi eina tík sem mætti, hinir mættu ekki.

Móðir gotsins er skráð á lífi í okkar kerfum en upplýsingar hafa borist um að það sé ekki rétt.

Forsaga málsins er sú að gotið er skráð undan tíkinni á vormánuðum 2012. Tíkin var sýnd á sýningu HRFÍ árið 2012 með góðum árangri. Nokkru seinna var er aftur skráð got undan tiltekinni tík, og fæddust þá 6 hvolpar undan tíkinni.

Siðanefnd hefur óskað eftir að stjórn bregðist við því að viðkomandi hvolpar mættu ekki í boðaða dna rannsókn, utan þessa eina rakka.

Reyna á að kalla aftur viðkomandi hunda úr tilteknu goti í dna rannsókn, en ljóst er að einn hundanna er sannarlega ekki undan viðkomandi tík, hún er búin að fara í dna próf og stjórn skal því ógilda ættbókarskírteini og afskrá ættbók viðkomandi hunda.

Viðkomandi afkvæmi eru öll sett í ræktunarbann þangað til annað kemur í ljós.

Ábending barst vegna sama ræktanda og mun málið verða sent til meðferðar hjá siðanefnd. Staðfesta þarf grundvöll ábendingarinnar og kalla viðkomandi ræktanda í blóð- og vefjasýnatöku með einstakling úr sinni ræktun til sönnunar. Sá einstaklingur er tík sem átti að hafa átt hvolpa sumarið 2019 og birtust myndir af henni á samfélagsmiðlum skömmu fyrir áætlaðan fæðingardag hvolpanna og ljóst þykir að tíkin á myndinni var ekki í goti á þessum tíma. Ábending hefur borist um aðra tík úr sömu ræktun sem hefur augljóslega átt hvolpa án þess að heilsufarsskoðanir hafi verið gerðar og hún of ung þegar hvolpar fæddust. Krafa er gerð um dna próf á viðkomandi hvolpum og þeim tókum sem koma til greina.

5. Dýraverndunarlög og reglur um skráningu í ættbók

Ábending barst stjórnarmanni, Heiðari Sveinssyni um að það sé ekki samhljómur á milli laga og reglugerða um dýravelferð og reglur HRFÍ um hversu þétt má para tíkur.

HRFÍ reglur

6. Tík skal að hámarki eiga fimm got um ævina, öll got meðtalin. Tryggja skal að tík fái nægjanlega hvíld á milli gota, ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. í 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota.

http://www.hrfi.is/uploads/2/2/3/3/22333014/skr%C3%A1ning-%C3%AD-%C3%A6ttb%C3%B3k-21.04.2020_netid_2.pdf

Reglugerð atvinnuráðuneytis

19. gr.

Pörun og undaneldi.

Óheimilt er að nota tík til undaneldis nema hún sé heilbrigð og hafi náð til þess líkamlegum þroska, að jafnaði við annað lóðatímabil og ekki yngri en 18 mánaða. Tryggja skal að tík fái nægjanlega hvíld

milli gota, að jafnaði 1-2 lóðatímabil. Tík sem hefur tvisvar gengist undir keisaraskurð má ekki nota áfram til undaneldis.

Óheimilt er að nota hund í ræktun sem þekkt er að haldinn sé arfgengum sjúkdómi, með alvarlega skap- eða hegðunargalla eða aðra eiginleika sem haft geta áhrif á heilbrigði afkvæma, skert eðlilegar lífslíkur og/eða lífsgæði þeirra.

Óheimilt er að þvinga fram pörun þar sem tíkin sýnir augljós merki um óþægindi eða hræðslu.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/atvinnuvega--og-nyskopunarraduneyti/nr/19979>

Umræða var um erindið og hvort hugsanlega gæti verið misræmi í orðalagi reglugerðar atvinnuráðuneytis og reglna HRFÍ. Eftir rýni lögfræðinga innan HRFÍ er það skoðun þeirra að meginreglan sé sú sama, og stangast því ekki á. Okkar regla er talin með betri vernd fyrir tíkina. Vert er að geta þess að „að jafnaði“ þýði að það skuli almennt en ekki fortakslaut, t.d. eitt til tvö lóðatímabil.

6. Önnur mál

- **Tölvumál:** Vinna við tölvumál hefur verið mjög tímafrek og nauðsynlegt er að fá betri leiðsögn. Starfsmenn skrifstofu þyrftu að komast í meiri þjálfun varðandi kerfið og fá tækifæri til þess að læra betur á það. Framkvæmdastjóri er að leita leiða til að fá utanaðkomandi hjálp við þessa vinnu. Einhverjir félagsmenn hafa boðið fram krafta sína og mun framkvæmdastjóri skoða það nánar.
- **Starfsmannamál:** Framkvæmdastjóri er í fullu starfi á skrifstofu sem og einn starfsmaður. Einn starfsmaður er ekki með fasta viðveru en sinnir ákveðnum verkefnum. Tekist hefur að minnka kostnað sem sé að skila sér núna. Búið var að gera ráð fyrir ákveðnum kostnaði vegna tölvumála og sparað hefur verið þar sem hægt er. Að aflýsa sýningum í febrúar fyrr en seinna hjálpaði einnig til.

Fundi slitið kl. 19:00.